

## Samþykkt um þátttöku Íslands í erlendum menntarannsóknum og eflingu menntarannsókna hérlendis

5. Þing KÍ lýsir stuðningi við þátttöku Íslands í menntarannsóknum á borð við Pisa rannsóknina um færni nemenda á ýmsum námssviðum og TALIS rannsóknina um störf kennara og skólastjórnenda og viðhorf þeirra til starfsins og símenntunar/starfsþróunar. KÍ hvetur eindregið til meiri og markvissari útbreiðslu og hagnýtingar niðurstaðna þessara rannsókna í menntakerfinu, í skólum og almennt í samfélaginu undir forystu yfirvalda menntamála. Þingið bendir á að auka þarf fjármuni til slíkrar vinnu og minnir á nauðsyn þess að skólasamfélagið sé í stakk búið til þess að túlka og meta niðurstöður þessara rannsókna og annarra sambærilegra á gagnrýninn hátt.

Þing KÍ bendir hins vegar á að báðar ofangreindar rannsóknir beinast eingöngu að grunnskólanum og hvetur til þátttöku í rannsóknum sem varða önnur skólastig. Ennfremur telur þingið mikilvægt að efla rannsóknir hérlendis á námi og kennslu á öllum skólastigum. Mikilvægt er að ýta undir og greiða fyrir þátttöku starfandi félagsmanna KÍ í menntarannsóknum.